

Ársskýrsla 2025



Ársskýrsla 2025

Umsjón

Rannveig Lind Bjargardóttir

Hönnun og umbrot

Kolofon hönnunarstofa

Prófarkarlestur

Haukur Bragason/Textastofan

Ljósmyndir

Unsplash og Shutterstock

Ábyrgðarmaður

Snorri Olsen



Efnisyfirlit

4	Aðfaraorð
7	Þjónusta
11	Upplýsingatækni
15	Álagning opinberra gjalda
25	Eftirlit og rannsóknir
31	Innheimta opinberra gjalda
37	Tollgæsla
43	Fyrirtækja- og ársreikningaskrá
49	Alþjóðasamstarf Skattsins
53	Mannauður
57	Fjármál og rekstur

Aðfaraorð ríkisskattstjóra



 Stjórnarráð Íslands

Skatturinn er framsækinn þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Með virku eftirliti, rannsóknum og tollgæslu stuðlum við að jafnræði og virkri samkeppni og leggjum okkar af mörkum við að vernda samfélagið.

Þannig lúta öll verkefni Skattsins í grundvallaratriðum að þjónustu við íslenskt samfélag og í innra starfi stofnunarinnar er lögð áhersla á að rækta þetta viðhorf. Þar er lykillinn að framsæknu umbótastarfi og nýsköpun sem einstaklingar, viðskiptalíf og samstarfsaðilar Skattsins njóta góðs af. Segja má að viljinn til þess að veita góða þjónustu, hvaða nafni sem hún nefnist, sé ómetanlegur áttaviti í okkar framkvæmd.

Viðskiptavinir Skattsins eru fjölbreyttur hópur með margvíslegar þarfir. Þannig þurfum við samtímis að auka framboð stafrænnar þjónustu og gæta að þeim sem eiga erfitt með að nýta sér stafrænar lausnir en eiga þó að uppfylla sömu kröfur af hálfu hins opinbera. Það á að vera létt að gera rétt, fyrir alla. Á árinu 2025 var unnið markvisst að innleiðingu snjallmennis Skattsins á Ísland.is, sem byggir á spunagreind og mun leysa af hólmi eldri tækni. Samhliða því var hugað að eflingu framlínupjónustu í afgreiðslu Skattsins í Katrínartúni 6 en þangað sækja mörg þúsund viðskiptavinir þjónustu ár hvert. Einföldun framtalsskila er viðvarandi verkefni og á liðnu ári voru til að mynda áritaðar upplýsingar úr leiguskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og útbúnað sérsniðnar ábendingar til einstaklinga sem áttu tiltekin hlutabréf. Þá voru gefnir út leiðbeiningabæklingar um framtalsskil á sex erlendum tungumálum auk íslensku.


Eftirlit með réttum skattskilum og rannsóknir á skattundanskotum og vanskilum vörslufjár eru þjónusta við ríkissjóð sem jafnframt styður við heilbrigt samkeppnisumhverfi. Ísland hefur ekki farið varhluta af þeirri ógn sem stafar af skipulagðri glæpastarfsemi og angar hennar birtast í málum á borði skattyfirvalda hér sem í nágrennalöndunum. Gott samstarf við aðra eftirlitsaðila skiptir hér höfuðmáli og á árinu 2025 tók aðgerðateymi Skattsins virkan þátt í nýjum samstarfsvettvangi gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði ásamt lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins.

Í verkefnum Tollgæslu endurspeglast einnig áskoranir sem stafa af uppgangi skipulagðra glæpahópa og var árið 2025 metár hvað varðar magn haldlagðra fíkniefna á landamærunum. Á Keflavíkurlflugvelli er nú unnið er nú unnið að endurnýjun á aðstöðu fyrir tollgæslu með bættum tækjabúnaði sem mun bæði efla tolleftirlit og draga úr óþægindum fyrir viðskiptavini. Ljóst er að með störfum Tollgæslu á landamærum er landsmönnum búin mikilvæg vernd gegn hættulegum efnum og öðrum ólögumætum varningi. Á árinu tók jafnframt til starfa ný farþegaupplýsingadeild

í samstarfi við ríkislögreglustjóra og annast einingin móttöku og úrvinnslu upplýsinga um farþega og flugáhafnir. Þessu samstarfi er ætlað að efla greiningarstarf og auka hagkvæmni í framkvæmd tengdra verkefna þvert á stofnanir.

Hjá Skattinum leitum við stöðugt leiða til þess að hagræða í rekstri og ná fram samlegðaráhrifum á sama tíma og við bætum árangur. Því var um mitt ár 2025 ákveðið að sameina tvö stoðsvið í eina og öfluga einingu, mannauðs- og fjármálasvið. Markmið breytinganna var að auka skilvirkni í stoðþjónustu stofnunarinnar og styðja við gagnadrifna áætlanagerð og stefnumótun í mannauðsmálum. Á tímum örra tækniframfara verður sífellt mikilvægara að efla starfsfólk með markvissum hætti til þess að takast á við breytt starfsumhverfi. Aðeins þannig verður okkur kleift að veita framúrskarandi þjónustu til framtíðar.

Snorri Olsen,
ríkisskattstjóri




Þjónusta

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki er mikilvægur þáttur í starfsemi Skattsins og miðar að því að veita örugga, aðgengilega og vandaða þjónustu í samræmi við lög og reglur.



Þjónusta Skattsins felur meðal annars í sér upplýsingagjöf um almenn skattamál, innheimtu opinberra gjalda og tollamál. Í starfseminni felst einnig móttaka og afhending gagna að beiðni viðskiptavina ásamt almennri umsýslu erinda sem berast embættinu. Þá annast Skatturinn afhendingu veflykla til dánarbúa og aðila sem búsettir eru erlendis. Auk þess hefur Skatturinn umsjón með álagningu bifreiða- og kílómetragjalds og móttöku og afgreiðslu umsókna um nýtingu séreignarsparnaðar vegna fasteignakaupa.



Efst á baugi á árinu

Snjallmenni


Markvisst var unnið að þróun og innleiðingu á snjallmenni sem byggir á gervigreindarlausn. Eldra spjallmenni Skattsins studdist ekki við gervigreind en hin nýja lausn nýtir möguleikana sem felast í stórum mállíkönum. Nýtt snjallmenni var tekið í notkun á Ísland. is þann 7. janúar 2026 og í kjölfarið á vef Skattsins þann 15. janúar 2026. Áfram verður unnið að þróun og rekstri lausnarinnar með það að markmiði að bæta þjónustu og auka aðgengi notenda.

Kílómetragjald

Álagning og þjónusta vegna kílómetragjalds á hreinorku- og tengiltvinnbíla gekk vel á árinu 2025. Stefnt var að því að ný lög um kílómetragjald á öll ökutæki tækju gildi þann 1. janúar 2026 og fylgdi því töluverður undirbúningur þar sem meðal annars var horft til reynslunnar af framkvæmd hinna eldri laga.

**Innhringingar
eftir svarhópum**
Fjöldi

- Almenn skattamál og innheimta
- Framtalsaðstoð
- Fyrirtækjaskrá
- Lögfræði-innheimta
- Tollamál
- Atvinnurekstur
- Virðisaukaskattur



Breytingar á framlínuafgreiðslu Skattsins í Katrínartúni

Í ágúst 2025 voru gerðar breytingar á verkefnum afgreiðslueiningarinnar í Katrínartúni og sinna nú starfsmenn þar enn fjölbreyttari og sérhæfðari verkefnum en áður. Má þar nefna afgreiðslu umsókna um nýtingu séreignarsparnaðar vegna fasteignakaupa, svörun erinda vegna kílómetragjalds sem og afgreiðslu almennra fyrirspurna í tölvupósti.

Undirbúningur vegna kynningar á framtalsskilum í framhaldsskóla

Á árinu var hafinn undirbúningur að kynningum fyrir nýnema í framhaldsskólum. Markmið verkefnisins er að auka vitund og þekkingu ungs fólks um skattalegar skyldur sínar og hvernig skila eigi framtali. Þetta verkefni var unnið í samstarfi starfsfólks þjónustusviðs og álagningarviðs.

Undirbúningur fyrir samfélagsmiðlaherferð vegna framtalsskila 2026

Á árinu fór fram undirbúningur að upplýsingamiðlun á samfélagsmiðlum vegna framtalsskila 2026 og var í fyrsta sinn unnið að mótun efnis fyrir TikTok. Markmiðið er að ná með þessari fræðslu til breiðari hóps viðskiptavina og þá sérstaklega til yngra fólks. Ákveðið var að sinna efnissköpun innanhúss með þátttöku starfsfólks í þjónustutengdum verkefnum fremur en að leita til utanaðkomandi aðila.



Upplýsingatækni

Upplýsingatækni er ríkur og órjúfanlegur þáttur í framkvæmd verkefna Skattsins og fer mikilvægi hennar sífellt vaxandi.



Viðfangsefni á sviði upplýsingatækni felast einkum í nýsmíði og þróun hugbúnaðar og innleiðingu nýrra lausna, svo og innkaupum, hýsingu og rekstri á vélbúnaði og upplýsingakerfum í umhverfi Skattsins. Þá má nefna rekstur víðnets Skattsins og umsjón með málakerfum, gagnagrunnum, fjarfundarbúnaði, afgreiðslukerfi, símkerfum og ýmsum notendabúnaði.

Meðal annarra verkefna má nefna umsjón rafrænnar upplýsingamiðlunar og vefþjónustu, þar með talið upplýsingavefja og þjónustusíðu Skattsins.

Líkt og undanfarin ár var hagnýting gagnavísinda og þróun gagnadrifinna lausna og gervigreindarlausna í deigluinni. Þá er ávallt mikil áhersla lögð á upplýsingaöryggi og að efla slíka innviði.

Upplýsingaöryggi í brennidepli

Á árinu var unnið áfram að því að auka upplýsingaöryggi hjá stofnuninni. Rík áhersla var lögð á áhættumat, greiningu á umfangi og virkni upplýsingatækni-umhverfis Skattsins með aukið öryggi, skilvirkni og uppitíma að leiðarljósi. Stærstu og umfangsmestu verkefni fólust í uppfærslum á netlagi, innleiðingu á nýjum kerfum ásamt nánari söfnun og greiningu atburðaskráninga sem eykur vöktun og bætir viðbragð enn frekar. Þá var samstarf við ytri öryggissérfræðinga aukið og unnið að frekari öryggisherðingum í tölvuumhverfi Skattsins.

Einnig var lokið við uppfærslu og flutning Oracle-gagnagrunna en ávinningur þeirra breytinga felst meðal annars í skilvirkari og öflugri vörnum gegn netárásum, skilvirkari ferlum við uppfærslur, virkara eftirliti með öryggismálum og auknum sveigjanleika tækni-umhverfisins.

Rekstur upplýsingatækni-kerfa

Á árinu var unnið að því að taka upp nýtt verklag og bæta verkferla með frekari samþættingu og sjálfvirkni í huga. Nýtt beiðnakerfi verður hluti af nýju samræmdu verklagi sem tryggir skilvirkari og hraðari afgreiðslu verkefna og veitir aukna yfirsýn á stöðu þeirra með ítarlegum tölfræðiupplýsingum. Þarfagreining, val á kerfi og uppsetning á búnaði kláraðist á árinu og uppsetning á hugbúnaði var langt á veg komin.

Einnig var unnið að undirbúningi verkefnis í tengslum við endurnýjun og uppfærslu á netlagi Skattsins á landinu öllu. Fyrsta starfsstöðin til að fá nýjan netbúnað frá Fortinet var Akureyri. Stefnt er að því að ljúka verkefninu fyrir árslok 2026.

Lokið var við að fartölvuvæða allar starfsstöðvar á landsbyggðinni og er nú algjör undantekning að starfsfólk noti borðtölvur við störf sín.

Tölvukerfi fyrirtækjaskrár

Á árinu var meðal annars unnið að því að útbúa nýtt eftirlitskerfi fyrir sérfræðinga innheimtu- og skráasviðs. Í kerfinu er hægt að fylgjast með upplýsingum um félög í fyrirtækjaskrá, til dæmis út frá bankaábendingum og skráningum um raunverulega eigendur. Þá er Firma-kerfið, þar sem tekna eru saman upplýsingar úr öllum helstu kerfunum fyrir starfsmenn sviðsins, komið vel á veg og má reikna með að það verði tilbúið að fullu fyrri hluta árs 2026.

Skattakerfi

Gerðar voru breytingar á tölvukerfum sem sjá um útreikning veiðigjalds vegna lagabreytinga og var talsverð vinna á árinu jafnframt unnin við mat á áhrifum þeirra breytinga.

Einnig voru gerðar ýmsar breytingar vegna tekjuskatts einstaklinga og lögaðila, svo sem breyting á skatthlutfalli við álagningu lögaðila 2025, ítarleg greinargerð sett inn á skattframtal einstaklinga vegna erlendra launatekna sem aflað var meðan framteljandi dvaldi á Íslandi, áritanir upplýsinga úr húsaleigusamningum úr leiguskrá HMS settar inn á sundurliðunarblaðið með framtalinu og útbúnar ábendingar við framtalsskil einstaklinga sem áttu hlutabréf í Marel hf. vegna yfirtöku JBT í lok árs 2024. Þá var á árinu unnið að uppfærslu á regluþrófunarkerfi fyrir skattframtöl einstaklinga og lögaðila en sú vinna hefur reynst mjög umfangsmikil.

Tollakerfi

Stöðugt er unnið að umbótum á tollakerfunum til að bregðast við síbreytilegu umhverfi. Á árinu var lokið við smíði og innleiðingu málakerfis fyrir tollendurskoðun sem heldur utan um endurákvæðanir á tollskýrslum og mál tengd því. Sem hluta af innleiðingu kílómetragjalds var unnið að frekari þróun á kerfi sem heldur utan um tímabundinn innflutning ökutækja á erlendum skráningarnúmerum.

Gagnavísindi

Á árinu var lögð aukin áhersla á gagnavinnslu og þróun gagnadrifinna lausna. Huginn, spunagreindarlausn Skattsins, var kynntur og afhentur starfsfólki en Skatturinn er að taka sín fyrstu skref í notkun á spunagreind. Þá var unnið að því að lesa helstu kennitölur sjálfvirkt upp úr ársreikningum sem skilað er til Skattsins. Með þeirri vinnu hefur skapast möguleiki á því að vinna með ársreikninga á skilvirkari og sjálfvirkari hátt en áður. Þróun mælaborða hélt áfram og fengu eftirlits- og rannsóknareiningar ný verkfæri sem efla yfirsýn og forgangsröðun í eftirliti. Auk þess var afhentur gagnapakki sem gerir eftirlitsskoðanir hraðari og markvissari. Í fyrsta sinn var gerð álagningarspá fyrir Fjársýsluna og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Nýtt spálíkan hefur aukið nákvæmni spár sem Fjársýslan nýtti við gerð ríkisreiknings og áfram var unnið að frekari þróun líkansins.

Þjónustulausnir

Stafrænt pósthólf var tekið í notkun af hálfu Skattsins fyrir árslok 2024 en áfram var unnið að ýmiss konar úrbótum tengdum bréfaútsendingum á árinu 2025. Þá var nýtt upplýsingakerfi fyrir tolleftirlit tekið í notkun á árinu en með því næst betri stjórn á upplýsingunum sem áður voru geymdar í fleiri kerfum. Á fyrri hluta árs hófst valkostagreining fyrir nauðsynlega endurnýjun á upplýsingavef Skattsins. Hagkvæmast þótti að færa upplýsingavefinn yfir á vefsvæði Ísland.is. Undir lok árs var hafist handa við breytingar á efni ákveðinna málaflokka Skattsins sem liður í flutningi þeirra og verkefnið heldur áfram á árinu 2026. Áhersla var lögð á að samræma verklag við val og forgangsröðun upplýsingatækniverkefna. Í því skyni starfaði verkefnasnefnd, sem skipuð er sviðsstjórum allra sviða Skattsins, og fundaði nefndin reglulega á árinu.



Álagning opinberra gjalda

Meginmarkmið Skattsins eru að skattskil almennings og fyrirtækja séu rétt og í samræmi við lögbundnar skyldur.



Einnig að þau sem leita til embættisins, svo sem eftir aðstoð við framtalsskil eða svörum við skattalegum spurningum og álitaefnum, fái þjónustuna á öruggan og skilvirkan hátt í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Markmið álagningarsviðs er að starfa í samræmi við framangreint og stefna þannig að hámarksárangri. Til að ná þessu fram þarf meðal annars öfluga starfsemi á sviði þróunar-, tækni- og upplýsingamála með aðkomu og samvinnu við allt starfsfólk embættisins.

Framtal einstaklinga og lögaðila

Þjónusta Skattsins vegna framtalsgerðar var að venju viðamikil og var sérstök áhersla lögð á fjarþjónustu í takt við markmið embættisins um einföldun og skilvirkni þjónustu. Á meðan framtalsfresti einstaklinga stóð svaraði starfsfólk Skattsins um 18 þúsund símtölum, svaraði þúsundum tölvupósta og veitti leiðbeiningar í afgreiðslum á starfsstöðvum.

Mikil áhersla var lögð á að vekja athygli á að opið væri fyrir framtalsskil með auglýsingum í sjónvarpi, dagblöðum og á vef- og samfélagsmiðlum. Auglýst var á íslensku, ensku og pólsku.


Gefnar voru út almennar leiðbeiningar vegna framtalsskila sem og sértækar leiðbeiningar, meðal annars um kaup og sölu hlutabréfa. Þá var boðið upp á bæklinga um framtalsskil á ensku, pólsku, litháísku, arabísku, úkraínsku og spænsku.

[Ífr](#) Súlurit 2

Skattgrunnskrá

Fjöldi


- Lögaðilar
- Einstaklingar



Framtalsskil

Hlutföll í %

- 2023
- 2024
- 2025



Álagning einstaklinga

Við lok framtalsfrests hefst mikil vinna við yfirferð og afgreiðslu innkominna framtala.

Á skattgrunnskrá, skrá yfir skattskylda einstaklinga við álagningu ársins, voru 354.176 einstaklingar. Á framtalsfresti bárust framtöl 328.257 einstaklinga eða 92,7% framtala skattskyldra einstaklinga.

Meginþorri framtala er afgreiddur vélrænt en um 15% framtala eru afgreidd handvirkt samkvæmt fyrirframákveðinni regluþrófun. Á árinu 2025 nam fjöldi framtala sem afgreiddur var handvirkt af starfsfólki 35.515 framtölum.

Staðgreiðsla

Mánaðarlega er öllum launagreiðendum og einstaklingum sem ofnýtt hafa persónuafslátt eða notað rangt skattþrep send tilkynning þar um. Þannig er stuðlað að því að staðgreiðsluskil séu sem réttust á hverjum tíma.


Árlega berast fjölmargar beiðnir um leiðréttingu vegna staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessar beiðnir stafa bæði frá almenna vinnumarkaðnum en þó sérstaklega frá Tryggingastofnun og Vinnumálastofnun. Er hér fyrst og fremst um að ræða endurútreikning á réttindum til greiðslna sem meðal annars er gerður þegar upplýsingar um tekjur viðkomandi einstaklinga liggja fyrir samkvæmt framtölum. Leitast er við að færa inn sem flestar þessara leiðréttinga áður en framtöl eru árituð eða fyrir birtingu álagningar.

líf Súlurit 4

Afgreidd erindi og framtöl einstaklinga

Fjöldi

- Framtöl afgreidd af starfsmönnum
- Framtöl afgreidd af kerfi
- Almenn erindi
- Erindi skv. 24. gr. ssl.
- Bifreiðamál
- Mál frá Yfirskattanefnd
- Endurákvörðun (93. gr. reglugerð 1963/245)




líf Súlurit 5

Afgreiddar kærur einstaklinga

99. gr. tsl.

Fjöldi

- Almennar kærur
- Framtöl afgreidd af kerfi
- Framtöl afgreidd af starfsmönnum



Álagning lögaðila – 2025

56.279

Fjöldi skattskyldra lögaðila
á skattgrunnskrá 2025

87,8%

Framtalsskil

80,4%

Fengu álagningu með vélrænni afgreiðslu

[Sútlurit 6](#)

Álagning lögaðila árið 2025

Fjöldi lögaðila á skattgrunnskrá á landinu öllu við lok álagningar ársins var 74.091 en þar af voru 56.279 skattskyldir lögaðilar (einkahlutafélög, hlutafélög, sameignarfélag og þess háttar) og 17.812 lögaðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti (félagasamtök, sjóðir og þess háttar).

Fyrir lok álagningar höfðu 49.246 framtöl skattskyldra lögaðila borist og sætt álagningu eða 87,5% framtala. Árið á undan bárust 46.978 framtöl til álagningar eða 86,1% framtala.

Gjöld 7.033 skattskyldra lögaðila voru áætluð sem er 12,5% lögaðila á skattgrunnskrá. Árið á undan voru gjöld 13,85% lögaðila á skattgrunnskrá áætluð. Kæruafgreiðsla fór fram innan lögbundins frests en kærufrestur rann út 2. desember. Álagningarskrá vegna álagningar lögaðila var lögð fram dagana 17. nóvember til 1. desember að báðum dögum meðtöldum. Skráin lá frammi á almennum starfsstöðvum Skattsins utan Reykjavíkur en í Reykjavík í höfuðstöðvum Skattsins að Katrínartúni 6.

2.579

Ný framtöl og ýmiss konar erindi
árið 2025

603

Þar af vélræn afgreiðsla

[Sútlurit 7](#)

Ný framtöl

Skv. 2. mgr. 101 gr. tsl.

1.073

Önnur leiðrétting

Skv. 2. mgr. 101. gr. tsl.

278

Erindi

Skv. 24. gr. ssl.


85

Annað

1.143

Afgreiddar kærur lögaðila vegna álagningar 2025
Fjöldi

- Kærufamtöl
- Almennar lögaðilakærur



Alþjóðleg skattlagning og upplýsingaskipti 2025

Mál er varða alþjóðlega skattlagningu eru mjög fjölbreytt og tengjast flest tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert. Á grundvelli tvísköttunarsamninganna eru gefnar út undanþágur auk þess sem réttur getur myndast til endurgreiðslu á sköttum sem dregnir hafa verið af í staðgreiðslu af ákveðnum tekjum. Gefin eru út tekju- og eignavottorð, skattskylduvottorð og barnabótavottorð ásamt virðisaukaskattsvottorðum. Þá þarf að sinna fjölmörgum fyrirspurnum og taka við upplýsingum frá systurstofnunum innan EES varðandi rétt til barnabóta á svæðinu sem og álitamál sem upp koma innan stofnunarinnar og snerta túlkun tvísköttunarsamninga og skattlagningu á milli landa.

Upplýsingaskipti samkvæmt beiðni og tilfallandi upplýsingaskipti eru á verksviði deildarinnar ásamt upplýsingaskiptum samkvæmt CRS og Fatca-stöðlum ásamt eftirliti með skilaskyldum aðilum.

Vottorð	Undanþágur <i>vegna launa og lífeyris</i>	Undanþágur <i>vegna annarra greiðslna</i>	Endurgreiðslur	Upplýsingaskipti <i>vegna EES-barnabóta</i>
2.045	838	627	146	1.959
	Undanþágur <i>vegna skuldabréfa</i>	Yfirfærslumál	Upplýsingaskipti <i>samkvæmt beiðni</i>	Tilfallandi upplýsingaskipti
	34	152	39	28

Virðisaukaskattur

Á virðisaukaskattsdeild fer fram eftirlit með skattskilum einstaklinga og lögaðila, frá upphafi skráningar til loka hennar, ásamt yfirferð endurgreiðslubeiðna. Á virðisaukaskattsskrá eru einstaklingar, lögaðilar, stofnanir og aðrir sem stunda virðisaukaskattskylda starfsemi. Á árinu varð áframhaldandi fjölgun skráðra aðila frá fyrra ári og samsetning þeirra hélst nær óbreytt frá fyrri árum þar sem lögaðilar eru áfram í meirihluta. Nýskráningum fjölgaði lítillega á milli ára og á sama tíma dró úr afskráningum.

Í lok árs 2025 voru um það bil 80% af umsóknum um nýskráningu eða enduropnun á virðisaukaskattsskrá mótteknað rafrænt. Við álagningu uppgjörstímabíla ársins 2025 jókst fjöldi virðisaukaskattsskýrsla frá fyrra ári, bæði þegar horft er til innsendra skýrsla og þegar áætlanir eru teknar með.

Skýrslurnar endurspeglar áfram fjölbreytta stöðu aðila en þær láta í ljós greiðsluskyldu, inneignir og tilvik þar sem engin velta er til staðar. Þá var fækkun í fjölda skráðra skýrsla frá aðilum með vikuleg bráðabirgðaskil í fiskvinnslu. Leiðréttingarskýrslum fækkaði frá fyrra ári og var meirihluti þeirra afgreiddur innan ársins.

Aukið eftirlit var með því að úrskurða aðila af virðisaukaskattsskrá sem voru í vanskilum með virðisaukaskatt og opinber gjöld. Áfram verður áhersla lögð á afskráningar af virðisaukaskattsskrá á grundvelli skulda, áætlana og núllskila.

Fjöldi mála í álagningu jókst lítillega á milli ára og fjárhæðir endurákvæðana hækkuðu. Við val á þeim málum sem koma til skoðunar í álagningu virðisaukaskatts er í auknum mæli byggt á gagnadrifnum ákvörðunum.

Ífr. Súlurit 9

Virðisaukaskattur

Fjöldi

málategunda

■ Neikvæðar skýrslur


■ Áætlanir

■ Núllskýrslur

■ Nýskráningar og endurskráningar

■ Leiðréttingarskýrslur

■ Afskráningar




Ífr Súlurit 10

Útskattur og innskattur

Þúsundir kr.

■ Útskattur
■ Innskattur



Á árinu var opnað fyrir að aðilar gætu afskráð sig rafrænt af gistináttaskattsskrá og skilað rafrænum leiðréttingum á skilagreinum gistináttaskatts.


Stefnt er að frekari tæknivæðingu á næsta ári auk þess sem í ríkari mæli verður byggt á gagnadrifnum ákvörðunum. Þá stendur til að tæknivæða erlendar endurgreiðslur og að aðilar geti afskráð sig rafrænt af virðisaukaskatts- og launagreiðendaskrá.

Ífr Súlurit 11

Endurgreiðslur virðisaukaskatts

Þúsundir kr.


■ 2023
■ 2024
■ 2025



Árangur álagningar- skoðunar í virðisauka- skatti

Fjöldi og fjárhæð.

- Meðaltal fjárhæðar pr. mál
- Fjöldi mála



Heildarfjárhæð breytinga
í álagningarskoðun

3.020.686.474 kr.

Meðal fjárhæð hvert mál

2.488.210 kr.



Eftirlit og rannsóknir

Skatteftirlit og skattrannsóknir felast meðal annars í eftirliti með skattskilum og í rannsóknum á skattundanskotum og öðrum refsiverðum brotum. Markmiðið er að minnka skattagapið með því að sporna gegn ólögumætri skattasniðgöngu og skattundanskotum.



Eftirlit

Skatteftirlit beinist að eftirliti með skattskilum einstaklinga og lögaðila og tekur til margvíslegra álitaefna sem upp kunna að koma við yfirferð skila. Á árinu beindist eftirlitið meðal annars að bifreiðahlunnindum, tekjum af útleigu gistirýma, ráðstöfunum einkahlutafélaga á eignum til afnota fyrir hluthafa, skattskilum í tengslum við erlendar innborganir á bankareikninga og greiðslukort, sem og reiknuðu endurgjaldi. Jafnframt voru meðal annars til skoðunar mál er varða lánveitingar einkahlutafélaga til hluthafa, söluhagnað einstaklinga af viðskiptum tengdra aðila með hlutabréf, frestaðan söluhagnað lögaðila og kauprétt.

Áfram var unnið með tiltekna málaflokka í svonefndum lotuverkefnum samhliða hefðbundinni málsmeðferð. Áhersla var lögð á að auka skilvirkni og stytta málsmeðferðartíma, meðal annars með endurskoðun og einföldun verkferla.

Eftirlit leiðir eftir atvikum til endurálagningar opinberra gjalda eða annarrar endurálagningar skatta. Í flestum tilvikum er álagi beitt samhliða endurálagningu.

Stórfyrirtækjaeftirlit

Sérstöku eftirliti er sinnt með skattskilum stærri fyrirtækja. Á árinu var lögð áhersla á skoðun byggingargeirans ásamt því að heildverslanir voru teknar til skoðunar. Þá var einnig gert átak í skoðun niðurfærslu birgða og eignfærslu/gjaldfærslu vaxta. Stórfyrirtækjaeftirlit beinist að ýmsum þáttum í rekstri fyrirtækjanna, meðal annars að risnutengdum liðum og hlunnindum, eignfærslu fjármagnskostnaðar, fyrningum og viðskiptum móðurfélags og dótturfélaga. Verklag við stórfyrirtækjaeftirlit byggir á góðu samstarfi við þá aðila er sæta athugun enda oft og tíðum mikið magn gagna sem yfirferð beinist að. Málum kann að ljúka með beiðni um leiðréttingu skattskila eða með hefðbundinni endurálagningu opinberra gjalda.

Milliverðlagning – viðskipti tengdra lögaðila yfir landamæri

Sérstakt teymi sinnir skoðun og greiningu þeirra lögaðila sem eru skjölunarskyldir samkvæmt tekjuskattslögum. Yfirferð teymisins á árinu beindist einkum að skilum á eyðublaði RSK 4.28 vegna rekstrarársins 2024 en 320 aðilar skiluðu umræddu eyðublaði vegna þess árs. Séu skattstofnar ranglega fram taldir leiðir það til endurálagningar opinberra gjalda.

Peningaþvættiseftirlit

Peningaþvættisteymi Skattsins sinnir eftirliti með því að tilkynningarskyldir aðilar, að fjármálastofnunum undanskildum, uppfylli skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Þær kröfur sem gerðar eru til tilkynningarskyldra aðila eru meðal annars að framkvæma áhættumat á eigin rekstri til að greina hvar hættur eða veikleikar liggja í rekstrinum. Þá þurfa þeir að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum og kanna hvort þeir sæti þvingunaraðgerðum.

Á árinu voru framkvæmdar athuganir hjá tilkynningarskyldum aðilum og eftir atvikum gerðar kröfur um úrbætur eða lagðar á stjórnvaldssektir vegna brota. Þá átti teymið í miklu samráði við önnur stjórnvöld vegna ýmissa verkefna. Einnig átti sér stað mikil þróunarvinna á notkun gagna í þágu áhættugreiningar með það að markmiði að auka skilvirkni eftirlitsins. Áhættumat var framkvæmt og allt fræðsluefni á heimasíðu Skattsins var uppfært.

Skattrannsóknir

Samhliða þessu sinnti teymið umfangsmikilli upplýsingagjöf vegna úttektar FATF á peningaþvættisvörnum Íslands auk samhæfingar við aðra opinbera aðila.

Rannsóknarmál ársins vörðuðu meðal annars skattundanskot hjá félögum í formi undanskota tekna auk offramtalinna gjalda og óheimilla úttekta úr félögum. Sjónum var beint að skipulagðri brotastarfsemi, þar sem starfsemi félaga byggist að mestu leyti á útgáfu tilhæfalausra sölureikninga, ýmist í þeim tilgangi að flytja fjármuni úr félögum til eigenda, til að greiða dulin laun eða til að komast hjá greiðslu lögbundins virðisaukaskatts. Félög sem notuð eru í slíka starfsemi einkennast af því að raunverulegur atvinnurekstur á sér ekki stað, eða aðeins að mjög takmörkuðu leyti, og fyrirsvarsmenn þeirra hafa litla sem enga vitneskju um starfsemi þeirra. Starfsemin er skipulögð af aðilum sem formlega eru hvergi tengdir félögunum en njóta hins ólögmeta ávinnings.

Þá voru jafnframt til rannsóknar ýmis mál er vörðuðu möguleg skattundanskot félaga og einstaklinga í tengslum við eignarhald og umsvif í erlendum félögum. Teljist mál alvarleg getur rannsókn eftir atvikum farið fram í samvinnu við héraðssaksóknara.

Auk rannsókna á skattundanskotum voru rannsökuð brot er lúta að vanskilum vörslufjár, það er virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Á árinu var fjárhæð vanskila vegna brota er sættu rannsókn alls um 1,1 milljarður kr. Á árinu voru greiddar rúmlega 168 milljónir kr. inn á vangoldinn höfuðstól eftir að tilkynnt var um rannsókn.

Undir rannsókn máls kann að vera þörf á leit og haldlagningu gagna sem lið í að upplýsa mál. Í slíkum tilvikum er óskað úrskurðar fyrir dómstólum. Skýrslutökur eru teknar undir rannsókn máls, að jafnaði í hljóði og mynd, að gefinni viðeigandi réttarstöðu. Á árinu voru framkvæmdar 127 skýrslutökur samanborið við 102 á árinu 2024. Til að tryggja greiðslu væntanlegrar skattkröfu, sektar og sakarkostnaðar kunna eignir að vera kyrrsettar við rannsókn máls. Á árinu voru eignir kyrrsettar fyrir um 2,5 milljarða kr. í alls 23 málum.


Heimilt er að ljúka meðferð máls með leiðréttingu skattskila á rannsóknarstigi, sem getur haft áhrif til lækkunar sekta vegna brota. Á árinu lauk 13 málum með slíkri leiðréttingu.

Ílf. Sútlurit 13

Skattrannsóknir á vanskilum á vörslufé

Fjárhæð í kr.

- Vanskil staðgreiðslu
- Vanskil virðisaukaskatts




Ílf. Sútlurit 14

Gjaldabreytingar eftirlits- og rannsóknarmála

Fjöldi mála og fjárhæðir í milljónum kr.

- Heildarfjöldi mála
- Fjárhæðir gjaldabreytinga í rannsóknum
- Fjárhæðir gjaldabreytinga í eftirliti



Aðgerðateymi

Aðgerðateymi sinnir meðal annars heimsóknnum á starfsstöðvar og eftir atvikum stöðvar yfirstandandi brotastarfsemi með lokunaraðgerðum.

Meginverkefni teymisins er að finna í rauntíma frávik er lúta að launagreiðslum, virðisaukaskattsskilum og tekjuskráningu rekstraraðila. Eftirlitið getur jafnframt leitt í ljós annars konar frávik í skattskilum og starfsemi fyrirtækja. Þar má meðal annars nefna óskráð vinnuafli og erlenda lögaðila sem ekki hafa sinnt lögbundinni tilkynningarskyldu vegna starfsemi sinnar hér á landi. Teymið vinnur þvert á svið Skattsins og í samstarfi við lögreglu, Vinnueftirlitið og aðrar eftirlitsstofnanir. Notkun leiðbeinandi tilmæla í samvinnu við önnur svið Skattsins hefur reynst árangursrík til að stuðla að leiðréttum skattskilum og aukinni innheimtu. Ef rekstraraðilar sinna ekki ítrekuðum tilmælum getur komið til stöðvunar atvinnurekstrar. Alvarleg tilvik geta leitt til skatt-rannsóknar. Starfsemi teymisins stuðlar að jafnræði meðal rekstrar-aðila og að rétt álagning og skil opinberra gjalda séu tryggð auk þess sem hún getur fyrirbyggt mögulegt tjón fyrir ríkissjóð.

Aðgerðateymi tekur þátt í sérstöku samstarfi eftirlitsstofnana sem hafa eftirlit með brotastarfsemi á vinnumarkaði og gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Viðurlög

Meginhlutverk viðurlagadeildar er að annast refsimeðferð mála er sæta rannsókn innan sviðsins. Annars vegar með beitingu sekta og hins vegar með vísun mála til héraðssáksóknara til ákærumeðferðar. Á árinu námu sektir ákvarðaðar af hálfu viðurlagadeildar alls um 864 milljónum kr. í 35 málum. Annað meginhlutverk viðurlagadeildar er að hlutast til um endurálagningu skatta í þeim málum er sætt hafa rannsókn. Auk þess sinnir deildin umsögnum vegna kærumála fyrir yfirsattanefnd í eftirlits- og rannsóknarmálum og umsögnum sem ríkislögmaður kallar eftir frá Skattinum vegna dómsmála sem rekin eru vegna eftirlits- og rannsóknarmála. Þá sinnir deildin lögfræðilegum álitaefnum vegna rannsóknarmála og verkefnum tengdum rannsóknaraðgerðum sviðsins svo sem húsleitum og kyrrsetningum eigna.

Áhættumiðað verkefnaval og greining

Sérstök teymi sinna áhættustýringu, verkefnavali og greiningu með það að markmiði að samræma málsmeðferð og ákveða framhald mála. Teymin starfa náið með gagnavísindasérfræðingum Skattsins við þróun og útfærslu greiningaraðferða við val verkefna. Áfram var unnið að innleiðingu formlegs áhættumats við verkefnavalið til að styrkja forgangsröðun og bæta ákvörðunartöku.

Teymin yfirfara einnig ábendingar sem berast um möguleg frávik í skattskilum, þar á meðal frá almenningi, en alls bárust 418 slíkar ábendingar á árinu.



Innheimta opinberra gjalda

Skatturinn annast innheimtu opinberra gjalda í stjórn-
sýsluumdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu.
Verkefnin taka til vanskilainnheimtu og erlendra
innheimtumála á grundvelli gagnkvæmra samninga
við önnur ríki.



Þá setur Skatturinn verklagsreglur fyrir innheimtumenn ríkissjóðs á landsvísu, veitir leiðbeiningar og sinnir eftirliti með framkvæmd innheimtu auk þess að koma að þróun og viðhaldi tekjubókhaldskerfis ríkisins í samstarfi við Fjársýslu ríkisins.

Á árinu var umfang fullnustugerða áfram umtalsvert og fjölbreyttum innheimtuúrræðum var beitt, þar á meðal fjárnámi og gjaldþrotaskiptabeiðnum. Jafnframt var áfram lögð áhersla á gerð greiðsluáætlana með gjaldendum þar sem þúsundir greiðsluáætlana voru gerðar og verulegar greiðslur innheimtar á grundvelli þeirra.

Kyrrsetningarmál eru stofnuð að beiðni skattrannsóknarstjóra í málum þar sem hætta er talin á að eignum verði skotið undan við rannsókn mála og var þeim beitt á árinu að uppfylltum lagaskilyrðum. Einnig var unnið að erlendum innheimtumálum, bæði með móttöku og afgreiðslu beiðna um aðstoð sem og innheimtu krafna yfir landamæri.

Aðfarargerðir

Á árinu 2025 var umfang fullnustugerða sambærilegt við fyrra ár, með lítils háttar breytingum. Fjárnám í eignum voru færri en árið áður og einnig dró úr fjölda árangurslausra fjárnáma. Á sama tíma fjölgaði gjaldþrotaskiptabeiðnum, einkum gagnvart lögaðilum, og gjaldþrotáúrskurðum fjölgaði lítillega frá fyrra ári.

Á árinu voru sendar 544 greiðsluáskoranir í birtingu með stefnuvotti/póstinum og 8.725 aðfararbeiðnir voru sendar til sýslumanna. 398 fjárnám voru gerð í eignum og 5.743 fjárnámum lauk með árangursleysi. 919 gjaldþrotaskiptabeiðnir voru gerðar á árinu vegna lögaðila og 31 vegna einstaklinga. Fjöldi gjaldþrotáúrskurða var 589.

Greiðsluáskoranir

í birtingu

544

Aðfararbeiðnir

sendar til sýslumanns

8.725

Fjárnám í eignum

398

Árangurslaust fjárnám

5.743

Gjaldþrotaskipta- beiðnir lögaðila

919

Gjaldþrotaskipta- beiðnir einstakl.

31

Gjaldþrota- úrskurðir

589

Kyrrsetningarmál

Aukning varð í kyrrsetningarmálum á árinu 2025 samanborið við árið á undan. Fleiri mál voru stofnuð og kyrrsetningargerðum fjölgaði auk þess sem fjárhæðir kyrrsettra eigna jukust umtalsvert. Þetta endurspeglar aukna áherslu á beitingu kyrrsetningar til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs vegna væntanlegrar skattkröfu og sektar í málum sem eru til rannsóknar. Á árinu fóru fram 30 kyrrsetningar. Samtals lét ríkisskattstjóri kyrrsetja eignir fyrir 2,5 milljarða kr. á árinu.


Greiðsluáætlanir

Fjöldi greiðsluáætlana og umfang þeirra var að mestu óbreytt milli ára. Greiðsluáætlanir halda áfram að vera mikilvægt og skilvirkt úrræði til að innheimta kröfur án þess að beitt sé harðari innheimtuaðgerðum með tilheyrandi kostnaði og óþægindum fyrir viðskiptavinum. Í gegnum greiðsluáætlunirnar við Skattinn komu samtals um 4,2 milljarða króna greiðslur frá einstaklingum og um 6,8 milljarða króna greiðslur frá lögaðilum.

lit. Súlurit 15

Greiðsluáætlanir Fjöldi


- Eftir árangurslaust fjárnám einstaklinga
- Til að koma í veg fyrir útsendingu fjárnámsbeiðna
- Til að koma í veg fyrir gjaldþrotaskipti lögaðila
- Til að lækka launaafdrátt
- Annað



lit. Kökurit 2

Innheimtuárangur 1. júlí vegna álagningarársins árið áður í % Samanlögð álagning eftirtalinnna gjaldflokka: Staðgreiðsla laungreiðanda, tryggingagjald, virðisaukaskattur, þing- og sveitarsjóðsgjöld einstaklinga og þinggjöld lögaðila.


- 2022 (mælt 2023)
- 2023 (mælt 2024)
- 2024 (mælt 2025)



Vanskilaaðgerðir

Fjöldi

- 2023
- 2024
- 2025




Erlend innheimta

Erlendum innheimtumálum fjölgaði og heildarfjárhæð krafna jókst verulega milli ára sem er í samræmi við aukna áherslu á að nýta alþjóðlega samninga um gagnkvæma aðstoð í innheimtumálum á alþjóðavettvangi. Á sama tíma dró úr fjölda beiðna sem sendar voru frá Íslandi til erlendra yfirvalda og lægri fjárhæðir voru greiddar út til erlendra stjórnvalda.

105 erlendar beiðnir um aðstoð við innheimtu

739.984.778 kr.



Samræmingar- og eftirlitshlutverk ríkisskattstjóra skv. lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda

Fundað var þann 27. nóvember 2025 með fulltrúum innheimtumanna ríkissjóðs þar sem rædd voru málefni sem innheimtumenn höfðu komið með tillögur að. Breytingar á verklagsreglum voru kynntar og fjallað var um ný lög um kílómetragjald á ökutæki. Ákveðið var að halda reglulega fræðslufundi fyrir innheimtufulltrúa á Teams og var fyrsti fræðslufundurinn haldinn í byrjun árs 2026.

Vönduð ákvörðunartaka og málsmeðferð lögfræðiinnheimtu

Stefnt var að því að allar ákvarðanir skattsins í innheimtumálum væru efnislega staðfestar í kærumeðferð hjá viðeigandi stjórnvöldum, umboðsmanni Alþingis og fyrir dómstólum. Á árinu voru 11 mál til meðferðar: sjö héraðsdómsmál/-úrskurðir og fjórir úrskurðir voru kveðnir upp hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ráðuneytið úrskurðaði embættinu í hag í öllum málunum. Héraðsdómur felldi dóma/úrskurði embættinu í hag í fimm af sjö málum. Niðurstaðan í árslok var að ákvarðanir í innheimtunni voru staðfestar í 82% tilvika. Stefnt var að því að engar athugasemdir væru gerðar við málsmeðferð frá viðeigandi stjórnvöldum, umboðsmanni Alþingis og dómstólum. Það markmið náðist að fullu á tímabilinu eða í öllum þeim 11 málum sem til meðferðar voru.



Tollgæsla Íslands

Hlutverk Tollgæslu Íslands er tvíþætt. Annars vegar að greiða fyrir lögmætum viðskiptum yfir landamæri og vinna að tekjuöflun ríkissjóðs og hins vegar að vernda samfélagið fyrir ólögmætum innflutningi.



Tollgæslan annast eftirlit með vöruflutningum til og frá landinu og tryggir að álagning aðflutningsgjalda sé í samræmi við lög og reglur. Í daglegu starfi fylgist hún með vöruflutningum, farangri og ferðum fólks yfir landamæri og sinnir þannig lykilhlutverki í að sporna gegn smygli og ólöglegum innflutningi. Mikil áhersla er lögð á öryggi og almannahagsmuni, meðal annars með því að stöðva hættulegar eða ólöglegar vörur hvort sem er um að ræða fíkniefni, vopn, sprengiefni eða aðrar vörur sem geta ógnað heilsu, umhverfi eða öryggi. Þá sinnir tollgæslan rannsóknar- og greiningarvinnu í tengslum við tollalagabrot og skipulagða brotastarfsemi og vinnur þar náið með lögreglu og öðrum yfirvöldum. Þá safnar hún tölfraðilegum upplýsingum um inn- og útflutning sem nýtast stjórnvöldum og Hagstofu Íslands við efnahagsgreiningar.

Gerð var sú breyting á tollalögum, lögum um landamæri og lögreglulögum að nú er tollýfirvöldum heimilt að starfrækja sérstaka farþegaupplýsingadeild í samstarfi við lögreglu og önnur viðeigandi stjórnvöld sem annast móttöku, vinnslu og miðlun upplýsinga um farþega og áhöfn.


Með þessu fyrirkomulagi eru sameinaðar á einum stað upplýsingar, sérþekking og eftirlitsheimildir tolls og lögreglu. Samstarfið verður skilvirkara með betri yfirsýn, betra upplýsingaflæði og hraðari greiningu. Breytingunni fylgir auk þess hagræðing og bætt nýting opinbers fjármagns þar sem dregið er úr tvíverknaði og tæki og tækni eru nýtt sameiginlega auk þess sem sérhæfð þekking er nú byggð upp með markvissari hætti en áður var unnt.

☰ Súlurit 17

Rannsókn Tollgæslu

Tegund mála

- Málum lokið með öðrum hætti
- Málum lokið með sektargerð rannsóknardeildar
- Málum lokið með kærui til lögreglu
- Mál til meðferðar hjá rannsóknardeild




líf Súlurit 18

Sektargerðir

Fjöldi og fjárhæð

- Fjárhæð greiddra sekta alls í millj. kr.
- Sektargerðir alls




líf Súlurit 19

Gjaldfærð gjöld við innflutning

Milljarðar kr.

- Virðisaukaskattur
- Eldsneytisgjald án olúggjalds
- Áfengisgjald
- Tollur skv. viðauka I við tl. nr 88/2005
- Vörugjald af ökutækjum
- Önnur gjöld s.s. úrvinnslugjald, skilagjald og eftirlitsgjöld stofnana



Fram undan

Á Keflavíkurflugvelli er unnið að nýjum tollgangi og aðstöðu fyrir tollgæsluna. Með nýrri aðstöðu mun tollgæslan einnig geta hafið notkun á nýjum tækjabúnaði og þar ber helst að nefna lágskammtaröntgenvél. Miklar breytingar munu eiga sér stað með notkun á vélinni, einna helst hvað varðar gæði leita tollgæslunnar ásamt því að draga mun úr álagi á lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk vegna leita sem þau hafa hingað til séð um. Fyrir farþega sem lenda í skoðun þýðir þetta minna inngrip með öruggari, hraðari

og þægilegri öryggisleit sem nú verður framkvæmd á Keflavíkurflugvelli í stað þess að þeir séu sendir á sjúkrastofnun í röntgenmyndatöku. Í aðstöðu tollgæslunnar í Póstmíðstöð á Stórhöfða var tekin í notkun ný gegnumlýsingarvél. Eldri vél var að verða 20 ára gömul og endurnýjun tímabær. Fram undan eru einnig innleiðingar á ýmsum EES-gerðum sem munu snerta störf tollgæslu á komandi árum.

Aukin umsvif

Árið 2025 var metár þegar kemur að haldlagningum á Keflavíkurflugvelli. Aldrei áður hefur verið lagt hald á jafn mikið magn af kókaíni, amfetamíni, marijúana og ketamíni á einu ári. Eftir að magn kókaíns og amfetamíns var umbreytt úr basa í hreint form nam kókaínið 102,65 kg og amfetamínið 55,46 kg. Haldlagt magn af marijúana var 339,52 kg og 11,12 kg af ketamíni.


Tollgæslusvið hefur í mörg ár tekið þátt í samstarfsverkefni með Rannsóknarsetri verslunarinnar þar sem safnað er tölfræðiupplýsingum um erlenda netverslun einstaklinga. Árið 2025 var enn eitt metið slegið en erlend netverslun nam 34,5 milljörðum kr. og jókst um 15% frá árinu á undan.

[Lfr. Súlurit 20](#)

Inn- og útflutningur

Fjöldi tollskýrslna


- Útflutningur
- Innflutningur



[Lfr. Súlurit 21](#)

Endurskoðun gjalda vegna innflutnings

- Upphæðir í milljónum kr.




líf Súlurit 22

Haldlagt áfengi

Rúmmál í lítrum

- Sterkt
- Létt
- Bjór




líf Súlurit 23

Haldlagt tóbak

Þyngd og fjöldi

- Vindlingar stk.
- Reyklaust tóbak í gr.
- Annað tóbak í gr.




líf Súlurit 24

Haldlögð fíkniefni

Þyngd í gr.

- Hass
- Kókaín
- Amfetamín
- Marijúana
- Metamfetamín




líf Súlurit 25

Haldlögð vopn

Fjöldi

- Eggvopn
- Hand-/fótajárn
- Skotvopn
- Varnarúði
- Önnur vopn
- Rafbyssur
- Kylfur




Fyrirtækja- og ársreikningaskrá

Skatturinn starfrækir fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá sem gegna lykilhlutverki við skráningu og miðlun upplýsinga um lögaðila og atvinnurekstur á Íslandi.



**Nýskráð og
afskráð félög**
Fjöldi

- 2023
- 2024
- 2025



Almannaheillafélagaskrá

Skatturinn starfrækir almannaheillafélagaskrá. Skráning félags til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá er valkvæð og er ætluð þeim félögum þar sem stærð, umfang eða eðli starfseminnar felur í sér skyldur og réttindi sem kveðið er á um í lögnum. Fyrir félög sem starfa að almannaheillum getur verið til hagsbóta að vera skráð á almannaheillafélagaskrá því um þau gildir heildarlöggjöf og þar með er skotið traustari stoðum undir starfsemi þeirra. Einnig geta ríki, sveitarfélög og opinberir aðilar gert það að skilyrði fyrir styrkjum til félaga að þau séu skráð í almannaheillafélagaskrá. Í árslok voru 88 almannaheillafélög á skrá.

Fyrirtækjaskrá sér einnig um skráningu almannaheillafélaga sem eru með starfsemi yfir landamæri. Samkvæmt lögum nr. 119/2019 eru þessi félög skráningarskyld og eru því ólík þeim almannaheillafélögum sem fjallað er um hér á undan. Í árslok voru 62 almannaheillafélög með starfsemi yfir landamæri á skrá.

Eftirlit með skráningu raunverulegra eigenda og grunnupplýsingum í fyrirtækjaskrá

Eftirlit með skráningu raunverulegra eigenda og grunnupplýsingum í fyrirtækjaskrá er mikilvægur liður í því að tryggja að upplýsingar um félög séu réttar á hverjum tíma. Á árinu hafði úttekt Financial Action Task Force (FATF) veruleg áhrif á forgangsröðun verkefna hjá fyrirtækjaskrá og kallaði á umfangsmikla gagnaöflun og miðlun upplýsinga til úttektaraðila.

Í skrá um raunverulega eigendur eru yfir 70.000 félög sem sæta eftirliti. Á árinu voru hafin 843 formleg eftirlitsmál vegna skráningar raunverulegra eigenda en dagsektir voru lagðar á 615 félög vegna ófullnægjandi skráningar. Eftirlit beindist meðal annars að misræmi milli upplýsinga í skrá um raunverulega eigendur og hluthafalista sem fylgja ársreikningum. Auk þess var eftirliti sinnt á grundvelli handahófskennds úrtaks.

Þá fór fram lögbundið eftirlit með grunnupplýsingum í fyrirtækjaskrá. Í því sambandi var skráning 47.169 einkahlutafélaga og 516 hlutafélaga yfirfarin með það að markmiði að tryggja að lögbundnar upplýsingar, svo sem um stjórn og framkvæmdastjóra, væru rétt skráðar.

Ljóst er að auka þarf vitund almennings um mikilvægi

Þess að uppfæra skráningu raunverulegra eigenda en lögum samkvæmt ber að tilkynna allar breytingar á raunverulegum eigendum innan tveggja vikna.

Á árinu voru jafnframt þróaðar tæknilausnir til að styrkja eftirlitsstarf fyrirtækjaskrár og gera það í auknum mæli sjálfvirk og fyrirbyggjandi. Meðal annars er unnið að lausnum sem keyra saman upplýsingar um raunverulega eigendur og hluthafalista ársreikninga og veita félögum ábendingar ef misræmi kemur fram.

Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá er miðlæg landskrá sem tekur á mótí, varðveitir og veitir aðgang að árs- og samstæðureikningum félaga í atvinnurekstri ásamt því að hafa eftirlit með því að reikningarnir uppfylli ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna. Ársreikningaskrá fer jafnframt með eftirlit með árs- og samstæðureikningum útgefenda í kauphöll í samstarfi við Verðbréfaeftirlit Evrópu.

Skil ársreikninga

Eftirlit ársreikningaskrár á árinu 2025 beindist að ársreikningum félaga vegna reikningsársins sem lauk 31. desember 2024. Alls bar 50.079 félögum að skila ársreikningi til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2024, samanborið við 48.797 félög árið áður.

Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu félög skila ársreikningi til opinberrar birtingar innan mánaðar frá því að reikningurinn var staðfestur á aðalfundi félags, þó aldrei síðar en átta mánuðum frá lokum reikningsárs. Tímanleg skil ársreikninga sem gerðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerðir og settar reikningsskilareglur er lykilatriði hvað varðar gagnsæi og traust á fjármálamarkaði.

Á árinu nýttu 56,7% félaga sér svonefndan hnappsreikning til að skila ársreikningi vegna reikningsársins 2024. Hnappsreikningur er einfalt form af ársreikningi sem byggir á upplýsingum úr innsendu skattframtali félagsins. Þetta form krefst ekki áritunar endurskoðanda eða staðfestingar skoðunarmanns líkt og ef um hefðbundin skil er að ræða. Þessi lausn var hönnuð fyrir örfélög og nýtist því afar vel félögum sem halda úti rekstri í einfaldri mynd og dregur úr kostnaði við gerð slíkra reikninga.

Við eftirlit með því hvort framsetning og innihald ársreikninga væri í samræmi við ákvæði laga komu upp 1.217 tilvik þar sem þörf var á úrbótum. Athugasemdir ársreikningaskrár vörðuðu meðal annars framsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings, skýrslu stjórnar sem og endurskoðun. Í slíkum tilvikum hafnar ársreikningaskrá viðkomandi ársreikningi og fer fram á að fyrirsvarsmenn félagsins geri nauðsynlegar úrbætur.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Ársreikningaskrá heldur árlega kynningu fyrir fagaðila á fyrirhuguðum áhersluatriðum í eftirliti ársreikningaskrár og Verðbréfaeftirlits Evrópu. Viðburðinn er bæði hægt að sækja á netinu og í höfuðstöðvum Skattsins að Katrínartúni 6 og hefur hann jafnan verið vel sóttur. Áhersluatriðin ná yfir þau svið reikningsskilanna þar sem talið er að mestra úrbóta sé þörf og eru birt til upplýsinga fyrir stjórnendur, endurskoðendur og aðra sem koma að gerð reikningsskila.

Í árslok 2024 beittu alls 195 félög alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en þar af voru um það bil 53 félög sem flokkast sem útgefendur í kauphöll.

Stjórnvaldssektir vegna vanskila á skilum ársreiknings

Ársreikningaskrá leggur 600.000 kr. stjórnvaldssekt á félög sem ekki skila ársreikningi innan lögbundins frests. Heimilt er að lækka sektarfjárhæðina þegar félög bæta úr skilum innan tiltekinna tímamarka frá tilkynningu um álagningu sektar. Ef ársreikningi eða samstæðureikningi er skilað innan 30 daga lækkar sektarfjárhæð um 90%. Sé úrbótum lokið innan tveggja mánaða nemur lækkunin 60% og ef úrbætur fara fram innan þriggja mánaða nemur lækkunin 40%.

Fjöldi skilaskyldra félaga í ár var meiri en í fyrra en á sama tíma dró úr fjölda þeirra félaga sem sættu stjórnvaldssekt vegna vanskila. Hlutfall þeirra sem sinna skilaskyldu virðist fara hækkandi milli ára og er það jákvæð þróun.

Tafla 1

Skilaskyld félög


Fjöldi

	2023	2024	2025
Heildarfjöldi	46.443	48.797	50.079
Félög sektuð vegna vanskila á ársreikningi	4.037	3.949	3.683
Félög sem hlutu 90% lækkun	1.817	1.982	1.696
Félög sem hlutu 60% lækkun	262	208	234
Félög sem hlutu 40% lækkun	73	89	138



Alþjóðasamstarf Skattsins

Með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og virkum tengslanetum afa starfsmenn Skattsins sér nýrrar þekkingar, fylgjast með alþjóðlegri þróun og miðla því sem best gerist til síns samstarfsfólks heima fyrir.



Jafnframt koma þeir sjónarmiðum Skattsins á framfæri og leggja til sérfræðilekku sem nýtist við mótun lausna á sameiginlegum áskorunum. Með þátttöku í tvíhliða samstarfi, samstarfi við nágrannaríkin og innan alþjóðastofnana skapast jafnframt vettvangur til að byggja upp traust og velvild í garð íslenskra skattyfirvalda.

Verkefni snúa meðal annars að aðferðum við áhættugreiningu skattalagabrota, aðgerðum gegn skattundanskotum yfir landamæri, miðlun fjárhagsupplýsinga milli ríkja, þróun nýrra tæknilausna, tolleftirliti á landamærum, fræðslumálum og mannauðsmálum.

Meginhluti alþjóðastarfs Skattsins fer fram á netinu þótt ákveðnir fundir og viðburðir krefjist enn þátttöku á nærfundi. Með markvissri nýtingu tæknilausna þar sem það á við er stuðlað að hagkvæmri nýtingu fjármuna og umhverfsvænna alþjóðastarfi.

Ísland tekur við formennsku í Norðurlandastarfi 2026 og 2027

Haustið 2026 tekur Ísland við formennsku í samstarfi skattyfirvalda á Norðurlöndum (Nordic Agenda) og um áramótin 2027 tekur Ísland við formennsku í Norræna tollsamvinnuráðinu (NTR). Byrjað var að huga að undirbúningi árið 2025 enda felast í formennsku tækifæri til að koma málefnum Íslands á dagskrá, efla tengslin enn frekar við nán samstarfsríki og virkja fleiri sérfræðinga Skattsins til þátttöku í alþjóðastarfinu.

Efst á baugi á árinu

Um haustið var haldinn norrænn fundur fyrirtækjaskráa, Nordic Legal Meeting, í starfsstöð Skattsins í Katrínartúni. Fundurinn er haldinn ár hvert á einhverju Norðurlandanna og að þessu sinni var umræðuefni fundarins skráning raunverulegra eigenda. Á fundinum var meðal annars farið yfir framkvæmd skráningar raunverulegra eigenda, helstu áskoranir, beitingu sekta og önnur tengd málefni. Fróðlegt var að kynna sér reynslu hinna Norðurlandanna og bera saman verklag og nálganir.

Fulltrúar Skattsins tóku þátt í samnorrænni vinnu sérfræðinga í mannauðsmálum, fræðslumálum og gagnavísindum til að ræða um hvers konar hæfni er nauðsynlegt fyrir stofnanirnar að byggja upp til að gervigreind nýtist sem best. Meðal þess sem kom fram á vinnustofunni er að gervigreind er líkleg til að hafa áhrif á flest svið sem skattyfirvöld starfa á.

Sérfræðingar á tollgæslusviði hafa meðal annars verið virkir á vettvangi EFTA-samstarfsins á árinu varðandi nánara samstarf EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið á sviði tollamála. Þar má nefna mögulegan aðgang Íslands og Noregs að tollagátt ESB (CSW-CERTEX) ásamt fyrirhugaðri innleiðingu á aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (CBAM). Fram undan eru fleiri ESB-gerðir á öllum sviðum innri markaðarins sem munu hafa áhrif á verkefni íslenskra tollyfirvalda.

Meðal þess sem norræn skattyfirvöld unnu saman að á árinu var reglubundið sameiginlegt áhættumat á ögnum í skattframkvæmd. Niðurstöðurnar varpa ljósi á aukna fagmennsku í skipulagðri brotastarfsemi á sviði skattamála. Í brennidepli voru fjórir flokkar ógna: aðstoð við skipulagða brotastarfsemi, misnotkun skráa, peningaþvætti og stafræn þróun og fjártækni, auk mikilvægi endurheimtar eigna til að draga úr styrk glæpaneta.

Sömuleiðis fór fram á vegum norrænna skattyfirvalda SVÓT-greining á Nordic Agenda samstarfinu í heild sinni með áherslu á helstu ógnir, tækifæri og viðeigandi viðbrögð. Þar komu

ítrekað fram sömu lykilþemu – tæknibylting, stafræn þróun og gervigreind – sem öll fela í sér bæði áskoranir og tækifæri. Þessi þróun kallar á aukna fjárfestingu í tækni, markvissa þjálfun starfsfólks og áframhaldandi öflugt alþjóðlegt samstarf. Jafnframt voru þátttökustofnanirnar sammála um að á tímum hraðrar tækniþróunar og aukinnar óvissu í alþjóðamálum, ekki síst á fjármáلامarkaði, skipti traust til stofnananna sköpum. Nordic Agenda samstarfið gegnir þar lykilhlutverki við að miðla þekkingu, deila reynslu, efla sameiginleg viðbrögð og gera norrænum skattfirvöldum kleift að tala einni röddu í víðara alþjóðlegu samhengi.

Meðal þess alþjóðastarfs sem Skatturinn tekur þátt í:

Alþjóðatollastofnunin WCO

Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO

Europol

Evrópusamstarf fyrirtækjaskráa EBRA

Evrópuráðið

Fríverslunarsamtök Evrópu EFTA

Samtök evrópskra skattfirvalda IOTA

Nordic Agenda

Norðurlandasamstarf skattfirvalda

Norræna tollsamvinnuráðið

Norðurlandasamstarf tollfirvalda

Efnahags- og framfarastofnunin OECD

Samstarf lögreglu og tollgæslu

á Norðurlöndum



Mannauður

Mannauður Skattsins býr yfir víðtækri þekkingu og reynslu sem nýtist í fjölbreyttum verkefnum víðs vegar um landið. Starfsfólk stofnunarinnar sinnir ólíkum störfum bæði í dagvinnu og vaktavinnu, þar sem tollgæsla sinnir þjónustu allan sólarhringinn.



Þann 1. júní 2025 tóku gildi skipulagsbreytingar hjá Skattinum sem fólu meðal annars í sér sameiningu mannauðssviðs og fjármálasviðs. Hið nýja svið, Mannauðs- og fjármálasvið, inniheldur deildir mannauðs, fjármála, rekstrar og fræðslu sem leiddar eru af deildarstjórum undir yfirstjórn sviðsstjóra. Breytingin hafði það að markmiði að einfalda skipulag, skýra verkaskiptingu og efla samræmi í stoðþjónustu stofnunarinnar.

Nýtt svið hefur farið vel af stað og hefur að keppikefli að stuðla að aukinni samvinnu, bættri upplýsingamiðlun og skilvirkari vinnubrögðum.

Meðalaldur starfsfólks

46,9 ár

Miðgildi aldurs starfsfólks

45 ár




[Sútlurit 28](#)

[Kökurit 3](#)

Aldursdreifing starfsfólks

Fjöldi

- Yngri en 25 ára
- 25–34 ára
- 35–44 ára
- 45–54 ára
- 55–64 ára
- Eldri en 64 ára



Vellíðan og starfsumhverfi

Skatturinn leggur ríka áherslu á vellíðan starfsfólks og að skapa heilbriggt og styðjandi starfsumhverfi. Til að hlúa að bæði andlegri og líkamlegri heilsu er boðið upp á heilsustyrk, samgöngustyrk og gleraugnastyrk. Þá er aðstaða til líkamsræktar á starfsstöð stofnunarinnar í Reykjavík og á starfsstöðvum er jafnframt góð aðstaða fyrir starfsfólk sem kys að koma hjólandi til vinnu. Starfsfólki er einnig boðið upp á árlegar flensusprautur.

Skatturinn hefur árlega tekið þátt í Lífshlaupinu sem hefur reynst öflug hvatning fyrir starfsfólk til að auka hreyfingu og tileinka sér heilsusamlegar venjur.

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs er mikilvægur þáttur í mannauðsstefnu Skattsins. Heimavinnusamningar eru hluti af þeirri stefnu og veita starfsfólki aukið svigrúm til að samræma starf og einkalíf, meðal annars með því að draga úr tíma sem fer í samgöngur.

Öllu starfsfólki er boðið til árlegs starfsmannasamtals með næsta yfirmanni. Þar skapast vettvangur til að ræða frammistöðu, starfsþróun, líðan og þau faglegu og persónulegu atriði sem skipta máli fyrir starfsánægju og framþróun.

Innan Skattsins er virkt og öflugt félagslíf sem stuðlar að góðum starfsanda og samheldni. Á vegum starfsmannafélagsins og skemmtinefnda eru reglulega haldnir fjölbreyttir viðburðir fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra, þar á meðal árhátíðir og aðrar skemmtanir auk ýmissa viðburða fyrir börn starfsfólks.

Jafnrétti



Skatturinn leggur ríka áherslu á jafnrétti og stöðugar umbætur í jafnréttismálum. Unnið er samkvæmt vottuðu jafnlauna-stjórnunarkerfi sem viðhaldið er með reglubundnum úttektum og hefur það að markmiði að tryggja jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.


Sjötta árið í röð var Skatturinn meðal þeirra fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana sem hlutu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefnis Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA). Skatturinn var þar á meðal um 130 fyrirtækja og opinberra aðila sem hlutu viðurkenninguna, sem veitt er þeim sem hafa náð að jafna kynjahlutföll í efsta stjórnendalagi þannig að hlutfall kvenna sé að lágmarki 40%.

Á árinu var kynjahlutfall í framkvæmdastjórn jafnt, með fimm konum og fimm körlum. Meðal deildarstjóra voru 15 konur og átta karlar. Í hópi yfirtollvarða voru fjórir karlar og ein kona en í stöðum aðstoðaryfirtollvarða voru sex karlar. Þá voru aðalvarðstjórar sjö karlar og þrjár konur.

Þessi samsetning veitir mikilvæga innsýn í stöðu jafnréttismála innan stjórnendalags Skattsins og styður við áframhaldandi markvissa vinnu við að tryggja jöfn tækifæri til starfsþróunar óháð kyni í samræmi við jafnréttisstefnu.

Kynjahlutfall

- Allir
- Konur
- Karlar



Fræðsla

Nýtt starfsfólk fær skipulagða nýliðafræðslu við upphaf starfs samhliða markvissri handleiðslu inn í sín verkefni. Auk þess stendur starfsfólki til boða fjölbreytt fræðsla og námskeið, bæði að frumkvæði stofnunarinnar og starfsfólksins sjálfs.

Í boði er árlegur fræðslustyrkur fyrir nám sem nýtist beint í starfi, að fengnu samþykki viðkomandi sviðsstjóra. Líkt og fyrri ár byggði fræðsluáætlun Skattsins á niðurstöðum starfsmannasamtala. Embættið á í samstarfi við Starfsmennt um framkvæmd námskeiða og var boðið upp á fjölbreytt úrval fræðslu sem tengdist almennri hæfni, persónulegri færni og faglegri þekkingu. Þátttaka var góð og gáfu starfsmenn námskeiðunum jákvæða umsögn.

Í október var haldin öryggisvika fyrir starfsfólk Skattsins þar sem farið var yfir brunavarnir, hjálp í viðlögum og annað sem tengist öryggi á vinnustað.

Fjármál og rekstur

Tekjur Skattsins á árinu 2025 voru ríflega 798 milljónir kr. og fjárveiting samkvæmt fjárlögum 8,9 milljarðar kr., samtals 9,7 milljarðar kr.



Fjármál

Heildargjöld voru tæpir 9,8 milljarðar kr. Tap varð af rekstrinum sem nam 73 milljónum kr. Eigið fé í árslok var jákvætt um 255,2 milljónir kr. og fjárveiting til fjárfestinga jákvæð um 24,1 milljónir kr. Launakostnaður var um 7,2 milljarðar kr. eða um 73,5% af heildarkostnaði.

Tafla 2


Kostnaðarliðir Upphæð í kr.

	Fjárhæð	Hlutfall
Launakostnaður	7.200.787.000	73,5%
Ferðir og fundir	130.575.000	1,3%
Rekstrarvörur	119.618.000	1,2%
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	955.113.000	9,7%
Önnur sérfræðiþjónusta	201.606.000	2,1%
Sími og ýmis leigugjöld	209.719.000	2,1%
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	27.061.000	0,3%
Húsnæði	808.899.000	8,3%
Afskriftir	132.351.000	1,4%
Annar kostnaður	11.166.000	0,1%
Samtals	9.796.895.000	100%

Kökurit 4

Hlutföll í %

- Launakostnaður
- Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta
- Húsnæði
- Sími og ýmis leigugjöld
- Önnur sérfræðiþjónusta
- Aðrir liðir



Ársreikningur Skattsins er aðgengilegur á vefnum.
www.skatturinn.is/um-rsk/empaettid/arsskyrslur/

